

Fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal haldinn 7. mars 2024, kl. 8:30 á Teams.

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

GF fór yfir verkefnalista sem var tekinn saman í október 2023 og varðar annars vegar verkefni sem snúa að rekstraraðila og hins vegar verkefni hússtjórnar skv. máldaga.

Skýrsla hússtjórnar og endurskoðaðir reikningar eiga að vera tilbúnir eigi síðar en í apríl ár hvert. Stjórn þarf að byrja að huga að þessu verkefni.

VJ upplýsti að ráðuneytið hefði nú greitt greiðslu ársins 2023 og 2024.

Farið yfir drög að deiliskipulagstillögu sem BHÁ hafði sent í tölvupósti fyrir fundinn.

Lóðirnar eru aðliggjandi svo ekki verði „einskismannsland“ á milli þeirra. Næstu skref eru að skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins tekur tillöguna fyrir og yfirfer hana. Því næst fer tillagan í auglýsingaferli þar sem óskað er eftir athugasemdum, forsætisráðuneytið kemur að því. Auglýsingatími sex vikur. Ef það koma fram athugasemdir þarf að taka afstöðu til þeirra. Eftir að þessu ferli lýkur fer málið til umfjöllunar sveitarstjórnar til samþykktar.

VJ mun flagga málinu við sérfræðinga forsætisráðuneytisins til að kanna hvort þau sjái meinbugi á tillögunni eins og hún er.

Rætt um tæknilegar útfærslur varðandi deiliskipulagið. GF ræddi hvort gera ætti ráð fyrir öðrum spennni við aðkomuvegin. Líka spurning um lengd heimtaugar. Tæknileg spurning fyrir RARIK. BHÁ ætlar að hafa samband við hönnuð og RARIK til að ræða staðsetningu spennis.

GF sagði frá „orkuslóðar-verkefni“ Landsvirkjunar sem felst í að útbúa upplýsingaskilti og setja á hentugum stöðum í dalnum. Rætt um kosti og ókosti staðsetningar í nálægð við aðkomu að Þjóðveldisbæ.

Rætt um vatnslagnir og legu þeirra.

GF sagði frá samtal sem hann átti við Víglund Kristjánsson (s. 771-4280). Víglundur hafði komið að því að hlaða bæinn og viðhaldi á honum í 25 ár. Hann hafði samband til að spyrjast fyrir um hvers vegna hleðslulagi hefði verið breytt á vestur gaffli bæjarins. GF bað Víglund um að setja saman á blað upplýsingar um þau verk sem hann hefði komið að varðandi viðhald á bænum. Gott fyrir stjórn að vita söguna á þeim framkvæmdum og viðhaldi sem hefðu verið á bænum. Víglundur tók vel í það. Hugmynd um að fá Víglund á fund stjórnar við tækifæri til að fara yfir söguna.

Rætt um afmælisár 2027, en bærinn var vígður 1977.

Á mánudag munu GF, BHÁ og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps funda með rekstraraðilum. Markmiðið er að skýra tímalínu og lóðaaftot, og skipta kostnaði.

Rætt um forgang verkefna. GF telur að ný rotþró þurfi að vera í forgangi. Líklegt er að ekki náist að breyta rafmagnstengingu í sumar, þarf þá líklegast að bíða í eitt ár enn að breyta því.

Stjórn sammála um að heyrast í tölvupósti á mánudag, 11. mars. GF og BHÁ munu senda updeit af fundi með rekstraraðila og VJ af fundi með forsætisráðuneyti.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9:00.